

Jafnréttisstefna Héðins hf.

Stefna Héðins hf, er að gætt skuli fyllsta jafnréttis milli kvenna og karla skv. lögum nr. 150/2020 og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum. Þannig verði tryggt að mannauður fyrirtækisins nýtist sem best. Kynbundin mismunur sé óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og er það stefna fyrirtækisins að útrýma slíkri mismunur komi hún í ljós.

Stefnumið

- Gæta skal jafnréttis við ráðningar starfsmanna og tilfærslur í starfi.
- Leitast skal við að jafna hlutfall kynja í hinum ýmsu störfum innan fyrirtækisins.
- Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum og nefndum.
- Greiða skal jöfn laun og sömu kjör fyrir jafn verðmæt eða sambærileg störf, óháð kyni.
- Konur, karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá skulu eiga jafnan aðgang að starfsmenntun og þjálfun.
- Gera skal starfsmönnum kleift að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
- Kynferðisleg áreitni, kynbundið ofbeldi / áreitni og einelti verða ekki liðinn.

Sérstakar aðgerðir

Leitað verði eftir umsækjendum af öllum kynjum við ráðningar.

Skoðað verði sérstaklega hvernig hægt sé að stuðla að jafnari kynjaskiptingu í hinum ýmsu störfum og að stjórnendur gæti sérstaklega að því varðandi starfsþróun.

Konur, karlar og fólk með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá fái jafna möguleika til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína. Þess verði sérstaklega gætt að starfsfólk fái sömu laun fyrir sambærilega frammistöðu í sömu störfum.

Leitast verði við að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þanni gða jafnvægis sé gætt milli vinnu og fjölskyldu lífs. Starfsmönnum sé jafnframt auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof.

Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir kynferðislegri áreitni, kynbundið ofbeldi/áreitni í starfi og starfsmönnum kynnt hvernig taka skuli á slíkum málum.

Hlutverk og verkefni jafnréttishóps.

Fylgja jafnréttismarkmiðum fyrirtækisins eftir og vera ráðgefandi fyrir stjórnendur. Vinna að þeim verkefnum sem tiltekin eru í áætluninni og hópnum eru falin.

Aðgerðaáætlun skal gerð til 3 ára í senn og skal jafnréttishópur fylgja áætlun eftir.

Hafnarfjörður 3/4/2024



Eðvarð Ingi Björnsson
Framkvæmdastjóri